

# Lagaleg vernd mannréttinda

„Lögin breyta ekki hjartalaginu, en þau halda hinum hjartalausu í skefjum.“

Martin Luther King

Við vitum það nú þegar að mannréttindi eru óafsalanleg réttindi allra manna en hvernig fáum við notið þessara réttinda? Hvernig getum við fundið sannanir fyrir því að ríki hafi formlega viðurkennt þessi réttindi? Og hvernig eru þessi réttindi í framkvæmd?

## Mannréttindi eru viðurkennd með samningum

Ríki hafa komið saman á alþjóðavettvangi til að gera með sér tiltekna samninga um mannréttindi. Þessir samningar setja ríkjunum hlutlægar hegðunarreglur og leggja á þau vissar skyldur gagnvart einstaklingnum. Þeir geta verið tvenns konar: lagalega bindandi eða ekki bindandi.

Bindandi samningur, oft kallaður samkomulag eða sáttmáli, er yfirlýsing ríkja um að þau skuldbindi sig til að innleiða réttindin í sínu landi. Ríkin verða hvert og eitt að sýna vilja sinn til að vera bundin samningnum og þetta geta þau gert með fullgildingu eða aðild. (Skjalið verður ekki bindandi með undirrituninni einni.) Ríkjum er gjarnan leyft að gera fyrirvara eða athugasemdir sem leysa þau undan tilteknum ákvæðum samningsins, og er það gert til þess að sem flest þeirra undirriti hann. Vissulega er betra að fá ríki til að lofa að uppfylla sum mannréttindaákvæði en engin! Stundum misnota ríki þó þessa aðferð, hafna í skjóli hennar grundvallarmannréttindum og komast þannig hjá alþjóðlegu eftirliti á sumum sviðum.

**? Hvers vegna heldur þú að jafnvel ríki sem hafa staðið sig mjög illa í mannréttindamálum séu fús til að undirrita alþjóðlega mannréttindasáttmála?**

Hins vegar er samningur sem ekki er bindandi fyrst og fremst yfirlýsing eða pólitískt samkomulag ríkja um að kappkostað verði að uppfylla réttindi, en án neinna lagalegra skuldbindinga í þá veru. Þetta merkir yfirleitt í reynd að ekki er um neinar opinberar (eða lögbundnar) aðferðir að ræða til að innleiða samninginn.

**? Hvers virði er „loforðið“ eitt um að fara að reglum um mannréttindi ef það er ekki stutt með löggjöf? Er það betra en ekkert?**

Yfirlýsing Sameinuðu þjóðanna eða samningur sem er ekki bindandi er yfirleitt niðurstaða fundar hjá Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna eða ráðstefnu sem er haldin um tiltekið málefni. Öll ríki sem eru aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eða taka þátt í viðkomandi ráðstefnu teljast samþykkja yfirlýsingarnar sem eru gefnar út. Viðurkenning á mannréttindum í einstökum löndum getur verið niðurstaða samkomulags milli ríkisins og þjóðarinnar. Þegar mannréttindi eru viðurkennd af hálfu ríkis er fyrst og fremst litið á þau sem skuldbindingu ríkisins gagnvart þegnumum.

## Helstu alþjóðlegu samningarnir

Mikilvægi mannréttinda verður æ ljósara og þau njóta stöðugt víðtækari verndar. Þetta ber að líta á sem sigur, ekki aðeins fyrir þá sem berjast fyrir mannréttindum, heldur fyrir fólk

almennt. Þessum framgangi hafa fylgt miklir og flóknir bálfar um mannréttindamál (samningar) og verklagsreglur um framkvæmd.

Mannréttindasamningum er yfirleitt skipt í þrjá meginflokka: eftir landfræðilegu umfangi (svæðisbundnir eða alþjóðlegir), eftir því um hvaða tegund réttinda þeir fjalla og hvaða hópa fólks þeir eiga að vernda.

Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna er að finna á annað hundrað samninga sem snerta mannréttindi og ef við teljum alla samninga sem taka til sérstakra landsvæða, s.s. Evrópu og Rómönsku-Ameríku, eykst fjöldinn enn. Ekki er hægt að fjalla um alla þessa samninga hér svo að aðeins er getið um þá mikilvægustu:

- samningar sem hafa verið samþykktir víða um lönd og hafa lagt grunninn að þróun annarra samninga um mannréttindi
- helstu Evrópusamningarnir
- samningar sem snerta þau hnattrænu málefni sem fjallað er um í þessari bók.

## Alþjóðlega réttindaskráin

Mikilvægasta alþjóðlega mannréttindaskjalið er Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna (Universal Declaration of Human Rights, UDHR) sem var samþykkt árið 1948 af Allsherjarþingi SP.

Mannréttindayfirlýsingin er ekki formlegur þjóðréttarsamningur og var því upphaflega ekki bindandi að lögum. Nú telja margir hana bindandi að þjóðarétti því svo títt hafi verið til hennar vitnað að hún hafi öðlast vægi réttarvenju.

Mannréttindayfirlýsingin samanstendur af inngangsorðum og þrjátíu greinum þar sem lýst er þeim mannréttindum og mannfrelsi sem öllum körlum og konum í heiminum ber að njóta, án nokkurrar mismununar. Hún tryggir bæði borgaraleg og stjórnómáleg réttindi og einnig félagsleg, efnahagsleg og menningarleg réttindi.

Alþjóðasamningurinn um borgaraleg og stjórnómáleg réttindi og Alþjóðasamningurinn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi gengu báðir í gildi árið 1966 og eru helstu lagalega bindandi samningar sem hafa alþjóðlegt gildi. Ásamt Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna mynda þeir Alþjóðlegu réttindaskrána. Þeir fjalla, eins og heiti þeirra bera með sér, hvor um sinn flokk réttinda.

Réttindin í Alþjóðasamningnum um borgaraleg og stjórnómáleg réttindi taka gildi um leið og ríki hafa fullgilt hann, en réttindin í Alþjóðasamningnum um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi má innleiða smám saman. (Þetta skuldbindur ríki til að þróa reglur og löggjöf sem stuðla að fullri framkvæmd réttindanna). Samningarnir taka gildi með þessum ólíka hætti vegna þess að yfirleitt er ekki hægt að koma á efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum réttindum í skyndi.



**Finnst þér rétt að ætlast til að borgaraleg og stjórnómáleg réttindi séu innleidd fyrirvaralaust en félagsleg og efnahagsleg réttindi aðeins smám saman?**

## Evrópusamningar

Fjögur af fimm meginsvæðum heimsins hafa komið á kerfum til verndar mannréttindum. Í Ameríku eru það Samtök Ameríkúríkja og helsti bindandi samningurinn þar er Mannréttindasáttmáli Ameríku frá 1969. Í Afríku er að finna Mannréttindasáttmála Afríku, sem var samþykktur árið 1986 af Afríkúríkjasambandinu (áður kallað Einingarsamtök Afríku). Í Asíu

## Sáttmáli Evrópusambandsins um grundvallarréttindi

Þetta er fyrsti mannréttindasamningur Evrópusambandsins. Þar er í einu skjali fjallað um borgaraleg, stjórnómáleg, efnahagsleg, félagsleg og samfélagsleg réttindi sem þegar er kveðið á um í ýmsum alþjóðlegum og evrópskum samningum og samningum einstakra landa. Það var Evrópuráðið ásamt Evrópuþinginu og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sem lagði hann fram í Nice, dagana 7. – 9. desember árið 2000. Ólíkt sáttmálum Evrópuráðsins tekur hann aðeins til Evrópusambandsins.

hefur ekkert eiginlegt kerfi enn verið þróað og eini mannréttindasamningur þess svæðis er yfirlýsing sem ekki er bindandi – Mannréttindayfirlýsing Asíu. Evrópa er með afar traust mannréttindakerfi innan Evrópuráðsins.


**? Hvers vegna heldur þú að ólík svæði hafi talið nauðsynlegt að byggja upp eigin mannréttindakerfi?**

Aðalmannréttindasamningurinn er Evrópusáttmálinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis (oftast kallaður Mannréttindasáttmáli Evrópu). Hann hefur verið fullgiltur af öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins því að það er skilyrði fyrir aðild að ráðinu. Hann var samþykktur árið 1950 en tók ekki gildi fyrr en þremur árum síðar. Hann kveður á um borgaraleg og stjórn málaeg réttindi og meginstyrkur hans liggur í stofnuninni sem fylgir því eftir að honum sé framfylgt – Mannréttindadómstól Evrópu. Dómstóllinn og dómur hans njóta virðingar um allan heim og Sameinuðu þjóðirnar, stjórnlagadómstólar margra landa og aðrar slíkar stofnanir vísa oft til hans.

Eins og hjá Sameinuðu þjóðunum er í Evrópu kveðið á um félagsleg og efnahagsleg réttindi í sérstökum samningi. Félagsmálasáttmáli Evrópu (endurskoðaður) er bindandi samningur sem tekur til réttinda sem eiga að tryggja viðunandi lífskjör manna í Evrópu. Sáttmálinn hefur verið undirritaður af 43 aðildarríkjum og í lok árs 2008 höfðu 25 þeirra fullgilt hann.

Í árslok 2007 hafði sáttmálinn verið undirritaður af 32 aðildarríkjum og fullgiltur af 27 þeirra.

**Helstu leiðir Evrópuráðsins í mannréttindamálum og framkvæmd þeirra**



## Vernd tiltekinna hópa

Jafnframt því að viðurkenna grundvallarréttindi einstaklinga kveða sumir mannréttindasamningar á um réttindi tiltekinna hópa. Þessum samningum er ætlað að bæta stöðu hópa sem eiga undir högg að sækja í þjóðfélaginu eða hópa sem hefur verið mismunað í gegnum tíðina. Dæmi um hópa sem hafa fengið sérstaka vernd eru:

### Minnihlutahópar

Þeir njóta verndar:

- af hálfu Sameinuðu þjóðanna með yfirlýsingu um réttindi minnihlutahópa sem var samþykkt árið 1992 og starfi undirnefndar um eflingu og verndun mannréttinga
- af hálfu Evrópu með bindandi samningi – rammasamningi um verndun þjóðarbrotá, þar sem komið var á fót umsjónarnefnd óháðra sérfræðinga, ráðgjafarnefnd um rammasamninginn
- með sérstöku sæti í Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) fyrir fulltrúa þjóðarbrotá og tilteknum samningum af hálfu ÖSE.

### Börn

Af hálfu Sameinuðu þjóðanna er réttinda barna fyrst og fremst gætt með samningnum um réttindi barnsins (Barnasáttmálanum) frá 1990, þeim sáttmála sem víðast hefur verið fullgiltur (einungis Bandaríkin og Sómalía hafa ekki fullgilt samninginn). Sáttmáli Afríku um réttindi og velferð barna kveður á um grundvallarréttindi barna í Afríku, og tekið er mið af sérstökum aðstæðum sem ríkja í heimsálfunni. Hann tók gildi árið 1999.

### Flóttamenn

Réttindi flóttamanna eru sérstaklega tryggð með Samningnum um réttarstöðu flóttamanna frá 1951 og með Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Eina svæðið með sérstakan samning um vernd flóttamanna er Afríka, sem árið 1969 samþykkti samning um sérstök málefni er varða flóttamenn, en í Mannréttindasáttmála Evrópu eru nokkur sérákvæði um vernd flóttamanna.

### Konur

Reynt er að stuðla að jafnrétti milli kynjanna um allan heim með því að verja réttindi kvenna sérstaklega í Samningi Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum (Kvennasamningnum) frá árinu 1979.

### Aðrir

Hópar eins og farandverkafólk og fangar njóta einnig sérstakrar verndar vegna viðkvæmrar stöðu sinnar og hættu á illri meðferð. Aðrir hópar, svo sem samkynhneigðir, hafa ekki verið svo heppnir að fá notið sérstakrar verndar og hafa árum saman barist fyrir auknum réttindum.



**Manst þú eftir hópum hér á landi sem þurfa sérstaka vernd?**

## Barátta gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi

Evrópunefndin gegn kynþáttafordómum og skorti á umburðarlyndi var stofnuð á fyrsta leiðtogafundi aðildarríkja Evrópuráðsins árið 1993. Hlutverk nefndarinnar er að berjast gegn

„Ég sé sjálfan mig í augum sérhvers ókunnugs manns.“

Roger Waters

**Samningsviðauki Mannréttindasáttmála Evrópu nr. 12**

Nýr viðauki við Mannréttindasáttmála Evrópu öðlaðist gildi árið 2005. Hann hefur nú verið undirritaður af 37 löndum og fullgiltur af sautján. Mikilvægi þessa viðauka felst í að hann kveður á um „sjálfstætt bann við mismunun“. Mannréttindasáttmáli Evrópu tryggir nú þegar réttinn til að sæta ekki mismunun (14. grein) en þetta er talið ófullnægjandi í samanburði við sambærileg ákvæði annarra alþjóðlegra samninga, svo sem Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðasamningsins um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Aðalástæðan er sú að í 14. grein, gagnstætt því sem er í hinum samningunum, er ekki kveðið á um sjálfstætt bann við mismunun; þ.e. aðeins er kveðið á um bann við mismunun hvað varðar „réttindi þau og frelsi“ sem lýst er í samningnum. Með tólfta viðauka öðlast bann við mismunun þannig „sjálfstætt gildi“ gagnvart öðrum ákvæðum Mannréttindasáttmála Evrópu.

kynþáttafordómum, útlendingahatri, gyðingahatri og umburðarleysi um alla Evrópu og frá sjónarmiði mannréttindaverndar. Starf nefndarinnar tekur til allra nauðsynlegra úrræða til að berjast gegn ofbeldi, mismunun og fordómum sem einstaklingar eða hópar verða fyrir, einkum vegna kynþátta, litarháttar, trúar, þjóðernis eða uppruna.

Nefndarmenn eru tilnefndir af ríkisstjórnnum sínum vegna sérþekkingar sinnar á baráttu gegn umburðarleysi. Þeir eru tilnefndir vegna persónulegrar hæfni sinnar og vinna sjálfstætt.

Aðgerðir nefndarinnar felast aðallega í:

- Könnun í hverju landi sem felst í rækilegri greiningu á stöðu mála; síðan eru lagðar fram tillögur um úrbætur og þeim fylgt rækilega eftir.
- Vinnu að almennum málefnum (söfnun og miðlun leiðbeininga um góða starfshætti í tilteknum málum til að skýra tilmæli nefndarinnar, og samþykkt almennra tillagna um reglur).
- Samstarfi við svæðisbundin frjáls félagsamtök og á landsvísu um gerð fræðsluefnis, m.a. gegn kynþáttahatri.

**Að knýja fram mannréttindi**

Hvað getum við gert til að tryggja að mannréttindi séu virt? Hverjir eða hvað er það sem þvingar ríki til að standa við skuldbindingar sínar? Helstu eftirlitsaðilar eru nefndir og dómstólar, skipuð sjálfstæðum fulltrúum – sérfræðingum eða dómurum – sem eru ekki fulltrúar neins eins ríkis. Helstu aðferðirnar sem þessir aðilar beita eru:

1. Kærur (frá einstaklingum, hópum eða ríkjum).
2. Dómsmál.
3. Skýrslugerð.

Þar sem ekki eru notaðar sömu aðferðir í öllum mannréttindakerfum til að fylgja eftir framkvæmd mannréttinda er gott að skýra þetta með nokkrum dæmum.

**Kærur**

Kærur á hendur ríki eru lagðar fyrir nefnd eða starfshóp og er þar talað um úrskurðarferli. Eftirlitsaðillinn úrskurðar síðan og ætlast er til þess að ríki fari að þeim úrskurði, en ekkert lögformlegt þvingunarferli er þó til. Oft þarf ríki að gefa viðbótaryfirlýsingu eða fullgilda valfrjálsan viðauka til að skuldbinda sig til að hlíta úrskurðinum. Mannréttindanefndin, nefndin um afnám kynþáttamisréttis (á vegum SP) og mannréttindanefndir Afríku- og Ameríkuríkja (á vegum Samtaka Ameríkuríkja) eru dæmi um aðila sem fjalla um kærur.

**?** Þyrfti að vera til löggjöf sem knýr á um að reglum um mannréttindi sé fylgt? Hvaða viðurlög gætu komið til greina?

**Dómsmál**

Tveir fastir mannréttindadómstólar hafa eftirlit með framkvæmd mannréttinda: Mannréttindadómstóll Evrópu og Mannréttindadómstóll Ameríkuríkja. Árið 2004 var Mannréttindadómstóll Afríku settur á fót af Afríkusambandinu en dómstóllinn hefur enn ekki tekið form-

lega til starfa. Alþjóðsakamáladómstóllinn (International Criminal Court, ICC) var stofnaður árið 2002 en honum er ætlað að draga til ábyrgðar einstaklinga gerst hafa gerst sekir um glæpi gegn mannkyni, þjóðarmorð og stríðsglæpi. Alþjóðsakamáladómstóllinn er ólíkur mannréttindadómstólum Evrópu og Ameríkuríkja að því leyti að hann fjallar um kærur á hendur einstaklingum meðan þeir síðarnefndu fjalla um kærur á hendur ríkjum.

## Skýrslur og kannanir

Í flestum mannréttindasamningum er þess krafist að ríki geri skýrslur. Þær eru teknar saman af ríkjunum sjálfum, samkvæmt leiðbeiningum eftirlitsaðilans, og í þeim eru almennar upplýsingar um það hvernig réttindum er framfylgt í viðkomandi ríki. Opinber rannsókn fer fram á skýrslunum og frjáls félagasamtök gegna þar venjulega veigamiklu hlutverki með því að taka saman svokallaðar „skuggaskýrslur“ þar að lútandi. Alþjóðasamningurinn um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, Alþjóðasamningurinn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi og Samningurinn um afnám allrar mismununar gagnvart konum eru dæmi um samninga sem krefjast skýrslugjafar.

Flestar þessar þvingunaraðgerðir eiga að koma í veg fyrir brot á tilteknum mannréttindum. Evrópasamningurinn um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (1987) er af annarri gerð. Hann er byggður á heimsóknum fulltrúa Evrópunefndarinnar gegn pyndingum á staði þar sem menn eru í haldi, til dæmis fangelsi og upptökuheimili, lögreglustöðvar, herstöðvar og geðsjúkrahús. Fulltrúar nefndarinnar kanna hvernig farið er með þá sem í haldi eru og, ef þörf krefur, leggja þeir til úrbætur svo að réttur fólks til að þurfa ekki að sæta pyndingum eða ómannúðlegri meðferð sé virtur.

## Mannréttindadómstóll Evrópu

Mannréttindadómstóll Evrópu er þekktur og virtur um allan heim, ekki síst fyrir að gæða texta Mannréttindasáttmála Evrópu lífi og merkingu og fyrir að túlka og skýra hvað felst í alþjóðlega viðurkenndum mannréttindum. Einn aðalkostur hans er hin skyldubundna lögsaga, en það merkir að um leið og ríki fullgildir eða samþykkir sáttmálann fellir það sig sjálfkrafa undir lögsögu Evrópudómstólsins. Þess vegna er hægt að höfða mannréttindamál gegn aðildarríkinu um leið og sáttmálinn hefur verið fullgiltur.

Virðing dómstólsins á einnig rætur að rekja til þess vægis sem dómar hans hafa. Ríkjum ber skylda til að hlíta dómum en ráðherranefnd Evrópuráðsins fylgist með því að svo sé. Fræðilega má reka ríki úr Evrópuráðinu framfylgi þau ekki úrskurðum dómstólsins.

Í öllum málum sem lögð eru fyrir Evrópudómstólinn er einnig sá möguleiki fyrir hendi að ná fram sátt með málamiðlun milli deiluaðila.

Það hefur einnig tryggt vægi dómstólsins að hann hefur fengið að þróast í tímans rás. Þegar hann var upphaflega settur á laggirnar árið 1959 starfaði hann aðeins hluta úr árinu, með Mannréttindaráði Evrópu. Þegar málum fjölgaði skapaðist þörf fyrir dómstól sem starfaði allt árið og hann var stofnaður í nóvember 1998. Fjölgun mála er skýr vitnisburður um árangur dómstólsins. Fólk veit að dómstóllinn er til staðar og það getur leitað til hans þegar því finnst gengið á grundvallarréttindi sín.

## Evrópunefndin gegn pyndingum

Fulltrúar nefndarinnar heimsækja reglulega ríki sem eru aðilar að samningnum en geta skipulagt sérstakar heimsóknir ef þarf. Árið 2008 stóð nefndin fyrir tuttugu heimsóknum, þar á meðal til Kýpur, Serbíu, Sviss, Úkraínu, Bretlands og Makedóníu.

Mikilvægur þáttur í starfi nefndarinnar varð ljós í hungurverkföllunum í tyrkneskum fangelsum. Þegar tyrknesk stjórnvöld hugðust breyta fangelsiskerfinu fóru margir fangar í hungurverkföll til að mótmæla sumum breytinganna. Mótmælaaðgerðir þeirra urðu mjög harðvítugar. Nefndin tók virkan þátt í samningaumleitunum við stjórnvöld og hungurverkföllum, rannsakaði atburði sem áttu sér stað og skoðaði hvernig lagadrögin gætu breytt tyrkneska fangelsiskerfinu. Nefndin fór þrisvar sinnum til Tyrklands árið 2001 vegna hungurverkfalla í tyrkneskum fangelsum.

Skýrslur nefndarinnar eru yfirleitt birtar opinberlega: [www.humanrights.coe.int](http://www.humanrights.coe.int)


„Friður mun ekki ríkja í hjörtum manna eða þjóðfélaginu fyrr en dauðinn er gerður útlægur.“

Albert Camus

## Mikilvæg mál fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu

Hér á eftir eru rakin nokkur mikilvæg mál sem Evrópudómstóllinn hefur skorið úr um.

- Soering gegn Breska konungsríkinu (júní 1989): Þetta mál fjallaði um mann sem átti að framselja til Bandaríkjanna vegna ákæru um morð og átti þar yfir höfði sér dauðarefsingu. Dómstóllinn leit svo á að yrði hann sendur aftur til Bandaríkjanna stríddi það gegn banninu við pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (3. grein Mannréttinasáttmála Evrópu). Ein afleiðing þessa úrskurðar var sú að vernd einstaklinga innan aðildarríkis Evrópuráðsins náði nú út fyrir landamæri Evrópu. Þessari meginreglu hefur síðan verið fylgt í öðrum málum, svo sem Jabari gegn Tyrklandi (júlí 2000), og hefur komið í veg fyrir að hælisleitendur séu sendir aftur til lands þar sem líf þeirra væri í hættu.
- Tyrer gegn Breska konungsríkinu (mars 1978): Í þessu máli leit dómstóllinn svo á að líkamleg refsing ungra afbrotamanna bryti gegn Mannréttinasáttmála Evrópu því að hún stríddi gegn þeim rétti að þurfa ekki að sæta pyndingum eða ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, sem tryggður er með 3. grein. Eins og dómstóllinn orðaði það: „refsing hans – þar sem yfirvöld fóru með hann eins og viljalaust verkfæri – var árás á það sem 3. greinin kveður einmitt á um, að standa vörð um virðingu mannsins og líkamlega friðhelgi“. Þetta mál er gott dæmi um það að Mannréttinasáttmálinn er í eðli sínu virkur og lifandi tæki þar sem dómstóllinn tekur mið af breyttu gildismati í þjóðfélaginu.



Hugmynd og hönnun: P. Drzemczewski, Útfærsla: Publication unit, Directorate General of Human Rights

- Kokkinakis gegn Grikklandi (apríl 1993): Þetta var athyglisvert mál sem snerist um það hvernig réttindi fólks stönguðust á. Það snerist um trúboð og hvort trúarbragðafræðsla (réttur sem tryggður er með 9. grein Mannréttindasáttmálans) bryti gegn trúfrelsi sem verndað er með sama ákvæði. Dómstóllinn taldi nauðsynlegt að greina rækilega á milli fræðslu og boðunar og ósæmilegrar, óprúttinnar umræðu sem hefði það að markmiði að fá einstakling til að skipta um trú (svo sem með því að bjóða honum efnahagsleg eða félagsleg gæði eða beita hann ofbeldi eða heilapvotti).

Mannréttindadómstóll Evrópu fær til meðferðar mál sem snerta öll þau réttindi sem kveðið er á um í Mannréttindasáttmála Evrópu, svo sem réttinn til lífs, réttlátrar málsmeðferðar og tjáningarfrelsis. Þar sem samningurinn kveður aðeins á um borgaraleg og stjórn málaaleg réttindi þá fjallar Mannréttindadómstóll Evrópu ekki um efnahagsleg, félagsleg eða menningarleg réttindi né réttindi minnihlutahópa sem slíkra nema þau sem snerta bann við mismunun sem kveðið er á um í 14. grein samningsins. Þegar þeirra landa sem hafa fullgilt 12. viðauka við Mannréttindasáttmálann geta kært brot vegna mismununar sem fellur undir hann. Mannréttindadómstóllinn hefur enn ekki felt dóma vegna brota af þessu tagi. Þótt Mannréttindadómstóllinn fjalli nær eingöngu um borgaraleg og stjórn málaaleg réttindi þá hafa dómur hans mikið vægi um allan heim.



**Hafa einhver mál gegn landi þínu farið fyrir Evrópudómstólinn?**

## **Evrópudómstóllinn, Mannréttindadómstóll Evrópu, Alþjóðadómstóllinn: Hver er munurinn?**

Margir rugla saman Mannréttindadómstól Evrópu, Evrópudómstólnum og Alþjóðadómstólnum. Í rauninni eru þessar þrjár stofnanir mjög ólíkar hvað varðar landfræðilega lögsögu og þau mál sem þær taka til meðferðar. Evrópudómstóllinn er stofnun á vegum Evrópusambandsins (ESB). Þetta er dómstóll sem hefur þá meginskyldu að tryggja samræmi við túlkun og beitingu laga í aðildarríkjunum ESB. Hann er byggður á lögum Bandalagsins en ekki á mannréttindalögum; en stundum geta lög ESB tengst mannréttindamálum. Frægt mál sem Evrópudómstóllinn útkljáði var Bosman-málið sem snerist um reglur um flutninga knattspyrnumanna milli liða. Úrskurðað var að þær stríddu gegn reglum Rómarsáttmálans um samkeppni og frjálsa för launþega.

Alþjóðadómstóllinn er aðaldómsvald Sameinuðu þjóðanna. Hlutverk hans er tvíþætt: að leysa samkvæmt alþjóðalögum lagalegar deilur sem ríki vísa til hans og að veita ráðgjöf um lagaleg álitamál. Aðeins ríki geta höfðað mál gegn öðru ríki og yfirleitt snúast málin um samninga milli ríkjanna. Þetta geta verið samningar um grundvallarsamskipti milli ríkjanna (til dæmis um viðskipti eða landamæri) og þau geta tengst mannréttindamálum.



**Hvernig koma þessir dómstólar hinum óbreytta borgara að gagni?**

## **Mannréttindafulltrúinn**

Embætti Mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins var fyrst samþykkt á leiðtogafundi í Strassborg í október 1997. Tilgangur þessa óháða embættis er bæði að efla framgang mannréttinda og

## **Mannréttindadómstóll Evrópu í tölum**

- Skráðum umsóknum um málsmeðferð fjölgaði úr 5.979 árið 1998 í 13.858 árið 2001, aukning u. þ. b. 130%
- 38.800 umsóknir bárust 2003, 44.100 árið 2004 og 45.500 árið 2005 og 51.300 árið 2006.
- Fjöldi álita og dóma (að meðtöldum þeim sem ekki voru endanlegir) jókst um 40% milli árunna 2005 og 2006. (1.560 dómur sem snertu 1.720 umsóknir gengu árið 2006 samanborið við 1.105 (1.198) árið 2005).



að tryggja að þessi réttindi séu virt í raun og allir í aðildarríkjum Evrópuráðsins njóti þeirra. Fulltrúinn er kosinn af þingi Evrópuráðsins til sex ára í senn án möguleika á framlengingu.

Fulltrúaembættið er stofnun án dómsvalds sem hefur það hlutverk að vinna með þeim stofnunum Evrópuráðsins sem stuðla að framgangi mannréttinda. Fulltrúinn á að sinna starfi sínu á algerlega sjálfstæðan og hlutlausan hátt, en taka um leið mið af hæfni ýmissa eftirlitsaðila sem starfa samkvæmt tilmælum Mannréttindasáttmála Evrópu eða annarra mannréttindasamninga Evrópuráðsins.

Helstu viðfangsefni mannréttindafulltrúans eru:

- að efla fræðslu og vitund um mannréttindi í aðildarríkjunum;
- að benda á hugsanlega annmarka á lögum og starfsháttum aðildarríkjanna á sviði mannréttinda;
- að stuðla að því að mannréttindi, eins og þau eru sett fram í samningum Evrópuráðsins, séu virt að fullu og allir fái notið þeirra.

Fulltrúinn getur í krafti embættis síns tekið fyrir hvert það mál sem er á valdsviði hans. Þó að fulltrúinn geti ekki fjallað um einstakar kærur má hann, í krafti þeirrar skyldu sinnar að stuðla að framgangi mannréttinda, koma á framfæri öllum mikilvægum upplýsingum sem tengjast vernd mannréttinda eins og kveðið er á um í samningum Evrópuráðsins.

Slíkum upplýsingum og beiðnum um að fjalla um þær mega stjórnvöld, þjóðþing, umboðsmenn aðildarlanda eða sambærilegar stofnanir, svo og einstaklingar og félagasamtök, vísa til fulltrúans.

## Dugir þetta?

Mannréttindabrot eru framin á hverjum degi um allan heim. Slaka mannréttindavernd má víða rekja til þess að erfitt er að tryggja raunverulega framkvæmd mannréttinda. Einstök ríki ráða því hvort þau fara að tilmælum eftirlitsstofnana. Í mörgum tilvikum veltur það á þrýstingi frá alþjóðasamfélaginu og að verulegu leyti á starfi frjálsra félagasamtaka hvort réttur einstaklings eða hóps verður tryggður. Þetta er allsendis óviðunandi staða mála því að löng bið getur verið eftir því að mannréttindabrot nái í raun eyrum Sameinuðu þjóðanna eða Evrópuráðsins.

Er eitthvað hægt að gera til að breyta þessu? Í fyrsta lagi er áriðandi að sjá til þess að ríki tryggi mannréttindi á landsvísu og að þau komi upp viðunandi kerfi til að taka á öllum mannréttindabrotum. Jafnframt verður að þrýsta á ríki um að skuldbinda sig til að taka upp kerfi sem knýr á um að réttindum sé framfylgt.

## Heimildir

- Hanski, R., Suksi, M. (ritstjórar), An introduction to the international protection of human rights: a textbook, Åbo Akademi University Institute for Human Rights, 1999.
- Fact Sheet No. 2 (Rev. 1), The International Bill of Human Rights, Mannréttindastofnun Sameinuðu þjóðanna, [www.unhcr.ch/html/menu6/2/fs2.htm](http://www.unhcr.ch/html/menu6/2/fs2.htm).
- Mannréttindastofnun Sameinuðu þjóðanna, [www.unhcr.ch](http://www.unhcr.ch).
- Short Guide to the European Convention on Human Rights, Útgáfa Evrópuráðsins.
- Mannréttindadómstól Evrópu, [www.echr.coe.int](http://www.echr.coe.int).
- Evrópunefndin um varnir gegn þydingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, [www.cpt.coe.int](http://www.cpt.coe.int).
- Félagsmálasáttmáli Evrópu, [www.coe.int/T/E/Human\\_Rights/Esc/](http://www.coe.int/T/E/Human_Rights/Esc/).
- Rammisamningur um verndun þjóðarbrot, [www.coe.int/T/E/Human\\_Rights/Minorities](http://www.coe.int/T/E/Human_Rights/Minorities).
- Vefsvæði Evrópunefndarinnar gegn kynþáttaförðómum og skorti á umburðarlyndi, [www.coe.int/ecri](http://www.coe.int/ecri).
- Mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins, [www.commissioner.coe.int](http://www.commissioner.coe.int).